

Úrskurður 9/2017

A kærði ákvörðun Tollstjóra um tollflokkun á ökutæki í tollflokk 8703.3229, sem fólksbíl eftir losun koltvísýrings og krafðist þess að ökutækið skyldi tollflokkað sem sendibifreið í tollskrárnúmer 8704.2199.

Í vörulið 8703 flokkast bifreiðar sem eru aðallega gerðar til mannflutninga. Í vörulið 8704 flokkast bifreiðar sem eru til vöruflutninga.

Tollstjóri taldi ljóst af útliti og hönnun ökutækisins sem til umfjöllunar var í málinu væri ætlað til að ferja bæði farþega og varning og því væri nauðsynlegt að meta hvort hlutverkið einkenni helst vöruna. Niðurstaða Tollstjóra var að flokka beri bifreiðina sem ökutæki aðallega gert til mannflutninga í vörulið 8703.

Niðurstaða

Staðfest var ákvörðun embættisins um að flokka beri bifreiðina sem ökutæki aðallega gert til mannflutninga í vörulið 8703, nánar tiltekið í tollskrárnúmer 8703.3239.